

Dalalæðan

1. tbl. 34. árg. 8. febrúar 2021



TVÖ Í GÓÐU SKAPI

AÐALFUNDUR VÍGHÓLS

Verður haldinn í íþróttahúsinu í Reykjadal
fimmtudaginn 25. febrúar klukkan 20:00

Dagskrá:

- ✓ Ársskýrsla stjórnar.
- ✓ Reikningar liðins starfsárs lagðir fram.
- ✓ Kosning stjórnar og endurskoðanda.
- ✓ Lagabreytingar.
- ✓ Önnur mál.

FJÖLMENNUM - FYLGJUM SÓTTVARNARREGLUM - STJÓRN VÍGHÓLS



Það heyrir sögunni til að þingmenn kjördæmisins heimsæki kjósendur sína. a.m.k. hér um slóðir. Það er ljótt af þingmönnum að hafa fundið það upp hjá sjálfum sér að hætta að sækja kjósendur heim eða að vera í einhverju sambandi við þá, nema í hæsta lagi með milligöngu bæjarstjórnar, en þeir eru greinilega líka hættir að nenna að hitta bæjarstjórnina. Þingmenn virðast hafa oftrú á samfélagsmiðlum og fá hroll við þá tilhugsun að þurfa að fara í úlpu og húfu og yfirgefa hina þægilegu innivinnu, sem þeir hafa skapað sér. Það er þrekvirkir ef einhver þekkir nöfn á t.d. fimm þingmönnum okkar hér í Kraganum, en í allt eru þeir þrettán. Það þótti eðlilegur hlutur, ekki fyrir löngu síðan, að þingmenn, jafnvel ráðherrar, kæmu í heimsókn til skrafs og ráðagerða og að þeir settu sig inn í mál íbúanna og kjósenda sinna. Nú gerist það einu sinni á fjögurra ára fresti, rétt fyrir kosningar á einhverri þeysireið og bíllinn í gangi á meðan. Það er mjög erfitt í rauninni að koma óskum íbúa og hugmyndum þeirra á framfæri við þingmenn sína og takmarkandi að vera í tölvuskeytasambandi. Það er einhvers konar veggur sem hefur myndast milli kjósenda og þingmanna, skotheldur ógagnsær plastveggur, - tölvuskjær. Eðli málsins samkvæmt ættu þingmenn að hafa áhuga á að dubba sig upp í að koma á staðinn og heyra hvað íbúarnir hafa fram að færa og sjá hvað við er átt, hvað er að pluma sig og hvað ekki.

Orðið íbúalýðræði var fundið upp eftir hrun og flaggað framan í íbúana ef þannig viðrar. En þetta orð hefur akkúrat enga merkingu á bak við sig. Í faraldrinum, sem nú hefur geysað í heilt ár höfum við Mosdælingar eitt jákvætt að segja og það skiptir okkur miklu máli, sem er að hér hefur verið talsvert minni umferð um Þingvallavegin en undanfarin ár. Þvílíkur léttir segja allir sem búa við veginn. Eftir að Gullni hringurinn fór í sóttkví, hefur umferðin hér verið eðlileg, alveg nóg, vegurinn ber hana og þú ert í minni hættu að lenda í umferðarslysi. Þó við höfum hitt samgönguráðherra, talað við bæjarapparatið, sent þingmönnum bréf, skrifað greinar, haldið fundi og ekki þorað út á þennan hættulega göngustíg, þurft að horfa upp á dauðaslys, árekstra og nærri árekstra, er eins og að tala við tóman ógagnsæjan plastvegg.

Nýlega endursendum við bréf um annað vegstæði fyrir gegnumstreymis umferð til allra þingmanna Kragans. Svar kom frá nokkrum. Þeir höfðu aldrei heyrt þetta fyrr, þökkðu hjartanlega fyrir þessa góðu og nýstárlegu uppástungu, skutu sér svo aftur bakvið ógagnsæja plastvegginn og munu skv. fyrri skeytum sennilega aldrei setja sig frekar inn í málið. Guði sé lof að þeir geti áfram haldið sér í þægilegri innivinnu og húfan og úlpan frekar notuð til hressingaferða upp á Úlfarsfell með hundgreyð.



Árið 2020 var skritið og þurftum við mörg hver að tileinka okkur nýjar aðferðir og nálganir í starfi sem og í okkar daglega lífi og getum við því kvatt liðið ár reynslunni ríkari og tekið fagnandi móti nýju ári sem vill svo skemmtilega til að er einnig 35 ára afmælisár Víghóls.

Við þurfum öll að halda áfram að vinna að bættari þjónustu við okkur Dalbúa.

Okkar helstu mál á komandi árum er að halda byggðinni áfram sem sveit í borg og geta áfram verið með dreifða byggð og hektara lóðir þar sem hægt er að setja sig í spor einyrkjans og stunda búskap, landbúnað og annað sem slíkt frelsi veitir og standa vörð um sérstöðu Mosfellsdals. Halda áfram að tryggja öryggi Dalbúa og bæta lífsgæði til að mynda með að fá göngustíga innan dalsins, fjölga brunahönum, bæta nettengingar, fá öryggismyndavélar líkt og önnur hverfi í Mosfellsbæ. Halda áfram að vinna að færslu Þingvallavegar að gamla vegstæðinu sem fer frá Nesjavallavegi að Kjósaskarði, því þó umferðin hafi verið minni í covid þá mun túristinn snúa aftur.

Við Dalbúar þurfum að standa saman að verja hagsmunum okkar. Munum að mannaúðurinn er dýrmætur og fleiri hendur vinna léttari verk. Sameinumst um að vinna saman í að útfæra og vinna úr þeim hugmyndum sem við Dalbúar teljum vera okkur til hagsbóta.

Takk fyrir árið fyrir hönd Víghóls, Guðbergur Guðbergsson

VÍGHÓLL

Greiðsluseðlar fyrir félagsgjald í Íbúasamtökin Víghóll hafa verið send út í heimabanka til allra íbúa Mosfellsdals 18 ára og eldri. Greiðsla jafngildir skráningu í félagið og þar með rétti til atkvæðagreiðslu á aðalfundi. Athugið að um valgreiðslu er að ræða.

Dalbúar eru hvattir til að senda netföng sín á

vigholl@mosfellsdalur.is

Heimasíða:

www.mosfellsdalur.is

Dalalæðan

1. tbl. 34. árg. 8. febrúar 2021.

Útgefandi: Íbúasamtökin Víghóll Mosfellsdal.

Ritstjórn og ábyrgðarmenn:

Halldór Þorgeirsson og Guðný Halldórsdóttir.

Auglýsingar: Jóhannes Þór Hilmarsson.

Forsíðumynd: Óskar Sigurðsson.

Umbrot & Prentun: ARTPRO Prentþjónusta.

Prófarkalestur: Rákel Baldursdóttir.

Dalalæðan er prentuð í 300 eintökum.

Blaðið er borið út á hvert heimili í Mosfellsdal og einnig sent til brottfluttra Dalbúa.

PORRABLÓT 2020

- Nokkrar svipmyndir



Mæðgur mættar, Birta og Gunna í Skuld.



Hákon og Halla Fróða úr Dalsgarði.



Jóna María og Gummi Hreins.



Hörður Bender og Þórunn.



Ásgeir loðýrabóndi, Baddi og Nína á Hraðastöðum.



Andrés bóndi á Hrísbú og frú Fríða.

STÓRAFMÆLI 2021

Eftirtaldir Dalbúar fagna stórafmæli á árinu

85 ára

Bjarni Bjarnason, Hraðastöðum 3 2. júní
Erla Sigurmundsdóttir, Grund 4. september
Guðmundur Rúnar Einarsson, Grund 3. apríl
Þuríður Dóra Hjaltadóttir, Röðli 27. júní

80 ára

Klara Ingibjörg Þórðardóttir, Hraðastöðum 3 9. janúar

75 ára

Anna Steinarsdóttir, Brekkukoti 21. júní
Gísli Snorrason, Brekkukoti 9. október
Jóhanna Borghildur Magnúsdóttir, Dalsá 31. ágúst

70 ára

Ingigerður B. Guðbjörnsdóttir, Víðihóli 1 3. janúar
Jóel Kristinn Jólsson, Reykjahlíð 21. febrúar
Kjartan Jónsson, Hraðastaðavegi 15 29. maí
Signý Jóhannsdóttir, Furuvöllum 26. janúar
Sigríður Halldórsdóttir, Jónstótt 26. maí

60 ára

Birgir Jóhannesson, Egilsmóa 6 16. ágúst
Hermann Þór Hermannsson, Reykjadal 2 4. september
Ingólfur Ármann Sigþórsson, Helgadalsvegi 5 10. júlí

50 ára

Davíð Már Sigurðsson, Tjaldanesi 18. maí
Guðni Þór Bjarnason, Hraðastöðum 3 14. mars
Hlynur Þórisson, Hraðastaðavegi 5 14. september
Jóhann Þór Jóhannesson, Skuld 27. júní

Dalalæðan óskar þessu góða fólki gæfu og hamingju

FLJÚGANDI ROTTUR

- Komnar til að vera?



Mávar eru afsprengi sóðaskapar.

Á hverju ári fjölga mávum í Mosfellsdalnum. Þeir koma í apríl og fara í október. Á næturnar dvelja þeir á Sorpu í Álfsnesi, en mávagerið tekur sig upp þegar vinna hefst þar og dvelur stór hluti þeirra hér í dalnum á daginn. Það eru heilu breiðurnar af þessum fljúgandi rottum, sem eru búnir að gera sig heimankomna hér í fellum og móum, hirða egg úr öllum hreiðrum og ef þeir ná ekki eggjum, þá nýorpnum ungum. Nú er svo komið að hér í þessu fyrrum mikla varplandi mófugls, þar sem mörg fögur fuglavísan hefur verið ort, er rjúpan horfin, spóar, lóur, hrossagaukur, jaðrakan og sól-skrikjur sem verptu hér um allt, eru nú þögnuð. Við hljótum að bera ábyrgð á að skekkja ekki jafnvægið í náttúrunni.


Dalalæðan hafði samband við fuglafræðing hjá Náttúrufræðistofnun og spurði hvernig við getum ráðið niðurlögum þessa offjölgunar vargsins og hvort við þyrftum ekki að taka fyrir þetta óþarfa mófugla-dráp. Svarið var að á meðan Sorpa gengur ekki betur frá öskuhaugunum verður þetta svona, enda beint flug fyrir mávinn frá Álfsnesi í dalinn, engin millilending. Þetta verklag hjá Sorpu styður við útrýmingu mófugls og er auðvitað stórt umhverfisslys. Sorpa verður líklegast í Álfsnesinu um ókomna tíð, þó samið hafi verið um annað á sínum tíma. Sorgleg staða.

VÍGHÓLL, FÉLAGIÐ STOFNAÐ

- 35 ára afmæli félagsins

Í þorablótsleysi daganna er fróðlegt að rýna í þetta dreifibréf sem borið var í hús í Mosfellsdal haustið 1986. Hér eru þáverandi og fyrrverandi Dalbúar boðaðir á stofnfund íbúasamtakanna, vísað er til þess að þeir hafi haldið þorablót um þriggja ára skeið og í framhaldi af þeim hafi kviknað sú hugmynd að stofna dalbúafélag með formlegum hætti.

Stofnfundur félagsins var haldinn í Reykjadal þann 15. nóvember 1986, þangað mættu 40-50 manns og tókst fundurinn einstaklega vel. Víghóll fagnar 35 ára afmæli á þessu ári en í fyrstu stjórn félagsins voru kosin: Bjarki Bjarnason á Hvirfli (formaður), Guðrún Karlsdóttir í



Fundarboð á stofnfundinn.

MANNTALIÐ 1702

Íbúafjöldi dalsins hefur bifast örlítið upp á við undanfarin ár, en mörgum finnst að fjöldinn hafi aukist mikið í dalnum. Nú búa 225 manns í dalnum, en fyrir 20 árum bjuggu um 200 sálir. Aukningin er 12% á sama tíma og mannfólkið í þéttbýli tvöfaldaðist. Ný hús hafa risið, nokkur hafa horfið og heimilismönnum hefur að meðaltali fækkað. Dalurinn er að eldast.

Í manntalinu sem var gert 1702 bjuggu 75 manns í dalnum, en líklegt þykir að börnin hafa verið undanskilin og talan gæti því hafa verið um 90.



ÞAÐ KEMUR ALLT MEÐ KALDA VATNINU



Fyrirrúmrihálfriöldvarkaltvatnafskornum skammti í dalnum, einkum norðan undir Æsustaðafjalli. Þar var nóg af heitu vatni, það var ekki fyrr en Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra festi kaup á Reykjadal 1963, þremur árum síðar, að eitthvað var gert í málinu. Í Alþýðublaðinu frá 8. desember 1966 segir:

“Þegar félagið keypti Reykjadal í Mosfellssveit til þess að reka þar sumardvalarheimili, var þar ekkert kalt vatn að hafa. Hinsvegar er þar nægilegt heitt vatn til upphitunar og til sundlaugar auk venjulegrar notkunar.

Var ráðist í að leggja bráðabirgðavatslagn frá Hrísbú. Leiðslan var lögð ofanjarðar og dugði því aðeins yfir sumartímann. Fékk barnaheimili Reykjavíkurborgar að Reykjahlíð einnig vatn frá þessari vatnsleiðslu. Öllum var þó ljóst að við þetta yrði ekki unað lengur.

Í september sl. beitti stjórn félagsins sér fyrir því, að stofnað yrði vatnsveitufélag í hverfinu, til að leggja vatnsveitu, sem yrði nægjanleg fyrir þessi tvö barnaheimili og öll önnur býli í hverfinu. Hinn 15. sept sl. var vatnsveitufélagið Víðir stofnað. Í stjórn voru kosnir Svavar Pálsson, form. stjórnar Reykjadal, Þóroddur Th. Sigurðsson, vatnsveitustjóri í Rvk. vegna barnaheimilis Reykjavíkur og Andrés Ólafsson, garðyrkjubóndi að Laugabóli.”

Framkvæmdir hófust þá þegar og hefir nú verið lögð 4 km. löng aðalleiðsla frá Laxnesdýjum að Reykjahlíð og flestar heimæðar þá þegar og var vatn komið í flest hús í hverfinu upp úr miðjum nóvember.”

Árið 1945, þegar Gljúfrasteinn var byggður, var lögð leiðsla úr Laxnesdýjunum að húsinu, skurðin handmokaði Gísli frá Vatni. Það sést enn móta fyrir skurðinum í garðinum sunnan við Melkot.

LAXNESDÝIN NÝTAST SEM ALDREI FYRR



Halldór Laxness hafði þekkt til vatnsbólsins frá æsku. Nú er búið að endurnýja og stækka leiðsluna. Fyrir bragðið er hægt að setja upp brunahana og afhendingaröryggið til neytenda er meira. Vatnið er hálfgerð sódavatn um þessar mundir, en það hlýtur að verða tært á ný.



BRAKANDI FERSKT SALAT





Í fararbroddi í salatframleiðslu!






Lambhagi hefur um árabil verið í fararbroddi í salatframleiðslu á Íslandi. Fyrirtækið hefur verið framsækið í því að tileinka sér bestu mögulega tækni til þess að rækta hágæða vöru við bestu aðstæður. Engin eiturefni eru notuð við framleiðslu Lambhagasalats. Framleiðslan fer fram á yfir 5.000 fermetrum allan ársins hring við skilyrði sem tryggja hámarksgeði.

KJARTAN MAGNÚSSON, HRAÐASTÖÐUM

- f. 1891 - d. 1983



„Bjuggu forfeður þínir á Hraðastöðum, eða ert þú aðfluttur, Kjartan?

Faðir minn og afi bjuggu hér báðir. Af minn, Bjarni Eiríksson, kom hingað árið 1852, eftir að hafa búið í þrjú ár austur í Laugardal. Hann bjó hér til dauðadags, samtals í 39 ár. Eftir hans dag tóku foreldrar mínir við búskapnum hérna. Þau voru Magnús Ólafsson frá Hrísbú og Herborg Bjarnadóttir, sem fæðzt hafði og alizt upp hér á Hraðastöðum. Þau bjuggu svo hér til ársins 1929, en þá tókum við, bræðurnir

tveir, við búinu, Bjarni bróðir minn og ég. Nú er Bjarni dáinn fyrir tveim árum, en sonur hans er tekinn við.

Það lítur þá út fyrir að Hraðastaðir ætli að haldast í ættinni?

Já, ekki verður annað séð. Þessi frændi minn býr vel, enda myndarlegur og duglegur maður. Hann er fjórði ættliðurinn í röð, sem setur saman heimili hér á þessum stað.

Tíminn, 10. ágúst 1973

Hrossaræktunarbúið
ÓLAFSHAGI
...á horninu

Gandur ehf.
Öll almenn járnsmíði
og vélaviðgerðir
Sími 696 8523

ÓSKAR Í ÓSKILUM

Óskarsverðlaunastytta fannst í gömlu drasli í garði hér í Mosfellsdal. Búið er að hafa sambandi við Hildi óskarsverðlaunahafa, en hún er með sína. Eiganda er bent á að vitja hennar á ritstjórn Læðunnar.

Uppfært 10. feb. 2021 kl.14.15: Á dögunum birtist í Reykjavíkurbloðunum að bandarískur leikari hafi týnt sínum Óskar á fyrrerri fyrir sjö árum. Við eftirgrennsan kom í ljós að þessi verðlaunastytta var ekki hans.



Óskar í óskilum.

HÚSAÚTFLUTNINGUR



Tvö íbúðarhús voru flutt úr dalnum á síðasta ári, sem voru þó af ólíkum toga. Jónstótt hafði staðið á hólum gegnt Gljúfrasteini í nærri hálfa öld, en hitt var nýsmíði úr smíðju Hlyns Þórissonar, Hraðastöðum. Jónstótt var flutt norður í land og sett á grunn á Litlu-völlum í Bárðardal. Ferð hússins gekk vel framan af, en þegar komið var niður af Vaðlaheiðinni rann Jónstótt í hálku og þveraði þjóðveginn í fáeinar klukkustundir. Engar sögur fara af ferðalagi húss Hlyns og því sennilegt að allt hafi gengið að óskum.



LJÓSMYNDASAMKEPPNI VÍGHÓLS 2020

Í sumar stóð stjórn Víghóls fyrir ljósmyndakeppninni „Mannlífið í Mosfellsdalnum“. Þátttaka var góð og bárust alls 32 myndir í keppnina. Eftir að frestur rann út voru valdar fimm myndir sem höfðu fengið flest „like“ á FB síðunni „Íbúar í Mosfellsdal“.

Úr þessum fimm myndum var svo valin sigurmyndin af dómnefnd sem samanstóð af þrem atvinnuljósmyndurum, Unnur Magna, Gaui H og Marsý Hild. Sigurmyndin þetta árið ber nafnið Helgufoss og var send inn af Rakel Ylfa Emilsdóttir og Írisi Rún Sigurjónsdóttir. Hljóta þær 10 þúsund krónur í verðlaun.



2. Sæti: Hundar á Æsustaðafalli
Anna Guðjónsdóttir




3. Sæti: Í ánni
Rakel Ylfa Emilsdóttir og Íris Rún Sigurjónsdóttir.




Hringdans í Helgufossi
Árný Elva Ásgrímsdóttir



Stund milli stríða
Vala Ólafsdóttir



1. Sæti: Helgufoss
Rakel Ylfa Emilsdóttir og Íris Rún Sigurjónsdóttir.



Halldór Laxness.

Stundum þegar lífið er hvað leiðinlegast, heilsan slæm, allt ófært, kalt í húsinu, stormarnir geysa og vindgnaúð og krúnk það eina sem heyrir, þá velti ég því fyrir mér af hverju í þremlinum ég legg það á mig að búa hér í heiðarsporðinum. Allt skyldfólk mitt flutt eða dáið og húsin sem þeim tilheyrðu orðin að safni eða ferjuð í heilu lagi í annað byggðarlag. Af hverju bý ég ekki á Frakkastíg með lattebæk í hendi að valsa um Rauða kross búðirnar mér til skemmtunar. Á þessum þungbæru stundum næ ég mér í kassa og byrja að undirbúa flutninginn eða flóttann og ræðst á bókaskápana. Í einu slíku kasti um daginn datt agnarlítil bók niður úr hillu frá árinu 1923, sem ég hef aldrei séð áður. „Nokkrar sögur“ heitir hún og er sérprentun úr Morgunblaðinu eftir Halldór frá Laxnesi, sem hann skrifaði tvítugur. Þar er sagan „Steinninn minn helgi“, sem

ég hafði aldrei lesið fyrr. Sagan er stutt, en máli mínu til útskýringar ætla ég að birta kafla úr henni :

„Það var einn sólskinsdag um hásumarið að jeg var 7 vetra sveinn. Jeg gekk upp í holtið með öskjuna mína, til þess að tína ber. Og þegar jeg hafði fyllt hana gekk jeg niður að fossinum til þess að líta á alla regnbogalitina í úðanum og niður græna hylinn leit jeg; jeg hlýddi á svævandi niðinn...

... Í leiðslu reikaði jeg frá fossinum aftur, upp yfir hjallann, niður í hvamminn hjá hæðinni og jeg settist þar í kjarrinu og starði upp að steininum, en í ljúfri leiðslu...

... Kannske að jeg hafi sofnað? - Var það máské dagdraumur? Hví ekki veruleiki? Jeg varð ekki var neinna takmarka svefns og vöku.



Gljúfrasteinn. Mynd eftir Sigurð Thoroddsen.

En steinninn var orðinn að dálítilli höll úr glitrandi, hvikandi geislum og ljúfustu litum. Háir grannir turnarnir teygðu spíurnar upp mót bláum himninum. Gluggarnir voru oddbogamyndaðir og tígullegir, úr ljósblárrí móðu og dyrnar voru rjóðar eins og morguninn á skýjunum og sjá! Þær lukust upp.

Og þar kom út maður í skínandi hvítum klæðum. Um höfuð hans var baugur af geislum og ennið lýsti eins og sólin... — Veistu hver jeg er? sagði hann. — Já, þú ert Kristur, sá, sem talað er um í bænunum. — Það er rjett, svaraði hann. Jeg er Jesús, sonur Guðs. Og ósjálfrátt fór jeg að biðja:Jeg var í miðri bæninni faðir vor, þegar jeg sá að allt var sem áður, að steinninn stóð eins og að venju dularfullur og hátíðlegur uppi á hæðinni og þrestirnir flugu syngjandi grein af grein í kjarrinu...

Og síðan hafa allir hlutir mist ljóma sinn frammi fyrir minningunni um það að jeg hefi í barnæsku minni staðið augliti til auglitis

við mannkynsfrelsarann, hann sem talað er um í bænunum, Jesús, son Guðs.” Og ég skildi allt í einu samhengið: af hverju ég er ekki með hlandvolgt latte í pappamáli í hundradogeinum. Allt út af þessum steini og vitjunarinnar sem sveinninn fékk í draumi í berjamó 7 ára.

Stytt - G.H.

PÓSTLISTI VÍGHÓLS

Stjórn Víghóls er með póstlista sem hægt er að nýta fyrir tilkynningar.

Hvetjum Dalbúa til að hjálpa okkur að halda heimasíðunni virkri með fróðleik og skemmtiefni.

Dalbúar eru hvattir til að senda netföng sín á

vigholl@mosfellsdalur.is

Heimasíða:

www.mosfellsdalur.is

TIL MINNINGAR

HERDÍS GUNNLAUGSDÓTTIR HOLM

f. 22.02.1935 – d. 13.10.2020

Herdís fæddist 22. febrúar 1935 í Reykjavík. Foreldrar hennar voru Jóhanna Jónsdóttir, f. 29.7. 1910, d. 20.5. 1993 og Gunnlaugur Pétur Holm, f. 5.7. 1901, d. 3.1. 1984. Hún átti tvö eldri hálsystkini, Hreiðar Holm og Guðbjörgu Gunnlaugsdóttir Holm samfedra, og tvo yngri bræður, Ásgeir Holm og Reyni Holm.

Herdís gekk að eiga Hrein Ólafsson, f. 17.7. 1934, frá Laugabóli Mosfellsdal, 28. maí 1955. Foreldrar Hreins voru Ólafur Gunnlaugsson, f. 15.7. 1904, d. 12.7. 1966, og Ólafía Andrésdóttir, f. 21.6. 1912, d. 20.4. 1974. Börn Herdísar og Hreins eru: a) Gunnlaugur Jón, f. 30. janúar 1954, kvæntur Láru Marelsdóttur, þeirra dætur eru Herdís, Bryndís og Þórdís. b) Svanhvít, f. 4. nóvember 1955, gift Ingólfi Þór Baldvinssyni og eiga þau tvö börn, Söndru Dís og Hrein Ólaf. c) Garðar, f. 18. júní 1963, kvæntur Huldu Jónasdóttur og þeirra börn eru Hreindís Ylva og Yngvi Rafn. d) Jóhanna, f. 6. ágúst 1966, gift Guðmundi Magnússyni og eiga þau þrjú börn, Lovísu Ólöfu, Lísbet Dögg og Atla Snæ. Langömmubörnin eru 11 og langa-langömmubörnin tvö.

Herdís og Hreinn fóru að búa mjög ung, fyrst á Laugabóli í Mosfellsdal. 1966 keyptu þau Helgadal og bjuggu þar í 54 ár eða allt þar til þau fluttu, fyrr á þessu ári, í þjónustuhúsið að Eirhómrúm í Mosfellsbæ. Haustið 1978 hóf Herdís störf við íþróttar-



húsið að Varmá, þar sem hún sinnti grunnskólanemendum sem komu í íþróttir. Herdís vann þar í rúm 20 ár og síðan í tvo vetur við Gagnfræðaskólann í Mosfellsbæ. Herdís söng í kirkjukór Lágafellssóknar í um 40 ár og sat í sóknarnefnd í fjöldamörg ár.

„...Það var ávallt ljóst hvað amma Dísá naut þess að fá alla fjölskylduna saman í Helgadal, hvort sem var um jól í stofunni að dansa kringum litla jólatréð eða á sumrin í garðinum hennar, garði sem engin orð fá lýst. Maturinn hjá ömmu Dísu var alltaf góður en þetta snerist aldrei um það heldur um samveru, lífsorku og kærleika. Amma Dísá þaggaði aldrei niður í okkur heldur hvatti hún til þess að við stórfjölskyldan hittumst sem oftast þar sem gleði, hlátur, gamansöm stríðni og samvera skipti öllu máli.”

*Herdís, Bryndís og Þórdís
Gunnlaugsdætur og fjölskyldur.*

WWW.MOSFELSDALUR.IS

TIL MINNINGAR

JYTTE EIBERG

f. 08.03.1935 – d. 11.01.2021



Það fyrsta sem maður vissi um Juttu, þegar maður var lítið barn, að hún var að læra ballett við Konunglega ballettinn í Kaupmannahöfn. Dóttir ríks slátrara aftur í ættir. Móðir hennar fer með hana til Íslands af einhverjum ástæðum, fráskilin. Hún ræður sig sem ráðskonu á Gljúfrastein, með Juttu þá 9 ára. Hún skilur telpuna eftir þar og lætur sig hverfa. Var í tygjum við íslenskan lækni, sem náði valdi yfir henni. Lítið sem ekkert spyrst til móðurinnar og það var ekki fyrr en á banabeði að móðirin, frú Eiberg kallar Juttu á sinn fund til Kaupmannahafnar, nær 70 árum síðar og biður hana fyrirgefningar á að hafa skilið hana eftir. Aldrei fyrr töluðust þær við. En Jutta býr í Gljúfrasteini og gengur í skóla á Brúarlandi. Þau láta hana fermast með vinum sínum, þannig varð hún vinur Hálfdánar prests á Mosfelli og barna hans Maríu og Ólafs Helga. Jutta eignaðist sína æskuvini í Mosfellssveit og þar má marga aðra nefna.

18 ára giftist þessi undurfallega stelpa Stefáni Þorvaldssyni, barmeistara á MS Gullfossi, síðar Hótel Sögu.

Hann var sérlega elegant maður, eins og sagt var. Þau áttu þrjú börn Snorra, Þorvald og Sigrúnu. Eftir skilnað þeirra Juttu og Sefáns, fór Jutta á hálfgerðan flæking með 3 börn og vann í bakaríum m.a. í Kópavogi og Hveragerði. Á haustin fór hún í eitthvað sem gaf í aðra hönd, eins og sláturvertíð á Kirkjubæjarklaustri. Þar heyrir hún að feðgar í Meðallandinu óski eftir ráðskonu, tveir bræður og faðir þeirra. Sá var kvensamur mjög og hafði verið mikið í siglingum og keypti kynstrin öll af sexy kvenmannsfatnaði, postulíns-

bollasett og heilu strangana af taui. Rak svo verslun í loftinu á Melhól. Jutta saumaði og bjó til flikur úr öllu, dúka og annað, meðal annars perlum og ýmsu skrani, sem þar fékkst. Jutta felldi hug til eldri sonarins, Tómasar, sem var sérstaklega fínlegur Skaftfelllingur. Þau gengu í hjónaband áttu börnin Guðnýju og Gísla. Jutta naut mikils styrks Snorra næstelsta sonar síns. Hann flutti með móður sinni í Meðallandið þar sem þau Tómas byggðu sér hús og Jutta vildi að hétu Grund. Jutta féll aldrei verk úr hendi og hóf m.a. kálfarækt til manneldis, sem bændum í Meðallandinu þótti skrítið. Snorri dó fyrir nokkrum árum.

Tómas varð heilsuveill og þau fluttu til Hveragerðis, þar sem hún vann árum saman á Heilsuhælinu NLFÍ. Jutta lést í Kaupmannahöfn í janúar síðastliðnum, á Íslandi ætlaði hún ekki að dvelja lengur. Gísli yngsti sonar hennar hefur sinnt móður sinni síðustu æviárin. Jutta var heillandi kona, glaðleg og skemmtileg og stutt í ógleymanlegan hlátur hennar, en innst inni þjakaði hana djúp beiskja og höfnunarkennd, sem aldrei mátti tala um upphátt.

Sigríður Halldórsdóttir

TIL MINNINGAR

SVAVA STEINUNN INGIMUNDARDÓTTIR

f. 12.09.1932 – d. 30.01.2021

Svava Steinunn Ingimundardóttir fæddist á Hrísbú í Mosfellsdal 12. september 1932. Hún lést 30. janúar á Landspítalanum við Hringbraut. Foreldrar hennar voru Elínborg Andrésdóttir, f. 3. júní 1900, d. 22. mars 1995, og Ingimundur Ámundason, f. 6. maí 1896, d. 13. janúar 1979. Systkini Svövu eru Ólafur, f. 22. nóvember 1933, Eygerður, f. 13. mars 1938, d. 11. janúar 2005, Ólöf Jóna f. 31. júlí 1941. 24. júlí 1954 giftist Svava Sigurði Friðgeiri Jóhannssyni, f. 24. mars 1931, d. 24. mars 2009.

Svava og Sigurður eignuðust 4 börn. Þau eru:

- 1) Elínborg, f. 24. okt. 1953,
- 2) Jón Ingi, f. 25. mars 1961,
- 3) Heiðdís, f. 7. sept. 1965,
- 4) Heiðrún, f. 8. okt. 1971.

Svava ólst upp á Hrísbú í Mosfellsdal. Hún gekk í Brúarlandsskóla og tók gagnfræðapróf þaðan. Eftir að skólagöngu Svövu lauk starfaði hún í Kaupfélaginu í Mosfellsveit ásamt því að hjálpa foreldrum sínum við búreksturinn á Hrísbú. Hún flutti til Reykjavíkur árið 1954 ásamt eiginmanni sínum og dóttur. Þau hjónin stofnuðu heildverslunina Eldorado og saman ráku þau heildsöluna mest alla ævi.



Í dag kveðjum við Svövu mágkonu mína og langar mig til að minnast hennar nokkrum orðum. Hún ólst upp á Hrísbú í Mosfellsdal en fluttist til Reykjavíkur rúmlega tvítug þegar hún giftist Sigurði F. Jóhannssyni og ráku þau saman heildverslun um áratugaskeið. Þau eignuðust sumarbústað í landi Hrísbúar sem þau nefndu Dalakofann og var hann þeirra sælureitur. Þar naut Svava sín vel við ræktun trjáa og blóma sem báru af fyrir fegurð. Kynni okkar Svövu hófust þegar ég giftist Ólafi bróður hennar og flyt að Hrísbú 1967 og hefur þar aldrei borið skugga á. Það var mikils virði fyrir mig sem flyt norðan úr landi, að eiga hana, systur hennar og fjölskyldur.

Börnum Svövu, fjölskyldum þeirra og öðrum aðstandendum vottum við Ólafur bróðir hennar innilega samúð og þökkum henni langa og trausta samferð.

Ásgerður Gísladóttir

mbl. 18. feb. 2021 - stytt

WWW.MOSFELSDALUR.IS

BÍLASTÆÐI Á MOSFELLI

- Horfið að eilífu?



Nýja bílastæðið við Mosfellskirkju.

Miklar framkvæmdir voru við Mosfellskirkju á liðnu sumri. Búið er að malbika yfir malarplanið og gera gott bílastæði fyrir á fjórða tug bíla. Stæðin þjóna ekki aðeins sóknarbörnum við guðspjónustur, heldur einnig þeim sem vilja ganga á fell-ið og njóta útsýnisins á þessum ágæta hól. Frá honum sést langt inn á heiði og vel til

höfuðborgarinnar. Við undirbúning verkefna fundust verksummerki um fjölmenna byggð, sem Fornleifastofnun hafði reyndar vitneskju um og verða að bíða betri tíma til rannsókna, þar sem búið er að malbika yfir hluta af rannsóknarsvæðinu. Það er óneitanlega forvitnilegt hvað leynist þarna undir.

GRÆNMETISMARKAÐUR

TJALDSTÆÐI



MOSSKÓGAR

Sími 663 6173



Kjarnagluggar
GLUGGI Í GLUGGA

- TILVALIÐ VIÐ ENDURNÝJUN GLUGGA
- ENDINGAGÓÐIR PLASTGLUGGAR

Kjarnagluggar ehf. | Roðamóa 9 | s: 893 6001
kjarnagluggar@kjarnagluggar.is | kjarnagluggar.is

JÓRUNN HALDÓRSDÓTTIR, BRINGUM

- f. 1891 - d. 1980



Jórunn fæddist í Vilborgarkoti, Mosfellsveit 1891, sama ár og Kjartan á Hraðastöðum. „Uppí heiðarbrún, rúman hálf tíma gangur fyrir ofan okkur {Laxnesi}, hilti undir lág bæjarhús, það var kallað í Bringunum og þar bjó Halldór í Bringum með fólki sínu sem allt var rjótt í kinnum...“* Jórunn, kölluð Jóa, var farand-saumakona og fór milli bæja í sveitinni og saumaði á fólkið og gerði við flíkur ef um var beðið. Jórunn, var ógift, en félagslynd og tók m.a. þátt í starfi Ungmennafélags Aftureldingar og Kvenfélags Lágafells-sóknar.

Bringnabærinn var dálítið austur í túninu, en faðir Jórunnar flutti hann árið 1911.

WWW.MOSFELLSDALUR.IS

Jórunn nefnir hann Gullbringur, en svo nefndi séra Magnús Grímsson á Mosfelli hann, er hann byggði Jóhannesi Lund bæinn. Gamall maður sagði Jórunni fyrir nokkrum árum, að staðurinn þar sem bærinn var fyrst reistur hefði heitið Gullbringur frá ómunatíð. Gullbringur eru vestan í hæð, sem er norðan undir Grímannsfelli.

Í þessum slakka hefur einhver gróðursett grenitré, sem hafa lifað af verri veður en nokkur getur ímyndað sér. Það er þess virði að heimsækja þessi tré, því þau eru einskonar táknervingur fyrir lífshlaup þjóðarinnar, sem hefur sjaldnast verið dans á rósum.

*Í túninu heima, HKL, 1975

VEIÐIHORN GUÐNA

Guðni Bjarnason á Hraðastöðum



„Nú eru tófugrenin farin að færa sig nær byggðinni, sennilega vegna þess að mávurinn sér nú um mófuglsveiðar ofar í fjöllum, á þem stöðum sem áður voru greni“, segir Guðni. 33 tófur voru skotnar í bæjarlandinu í ár og þeim fylgdu 23 yrðlingar. Um 80 minkar voru felldir. Verpandi mávum hefur fækkað í fjöllum og fellum, en hópum af ungfugli fjölgað í bæjarlandinu. Honum hefur verið afhent góð skilyrði til varps í eyjunum fyrir utan höfuðborgina, í Kollafirði. Um 300 mávum var fargað í ár. Fyrir 10 árum hætti Reykjavíkurborg að gera út meindýraeyði til að verja æðarfugls- og andarvarp í eyjunum, sem urðu um leið aðal varpstöðvar sílamávsins á Stór-Reykjavíkursvæðinu, enda nóg æti á öskuhaugunum í Álfsnesi. Þar þrífst nú ekkert fuglalíf lengur, nema mávur. Viljum við bra-bra og æðarfugl eða fugla af öskuhaugum, sem ráðast á allt kvíkt? Takk stjórn Sorpu fyrir öfuga náttúruvernd.



Gakktu í bæinn

Fasteignasalan BÆR opnar fyrir þér dyrnar að fasteignamarkaðnum



Guðbergur Guðbergsson,
löggitur fasteignasali

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is
Kópavogi og Selfossi



HÁGÆÐA SMUREFNI



Jóhannes:
896 1858
Roðamói 3

www.facebook.com/Fluid-Film-á-Íslandi

Ferðapjónustan
og bókaútgáfan

FRÁ HVIRFLI TIL ILJA

Sími 820-0320
Netfang: bjarnasonbjarki@gmail.com

Bjarki Bjarnason

Dalsgarður

– við gerum rósir

Blómasala alla daga

kl. 9.00-12.00

Dalsgarði Mosfellsdal

Gísli Jóhannsson rósabóndi / rosefarmer
Dalsgarður, 270 Mosfellsbæ, Ísland
Sími/tel: +354 566 7490

Fax: +354 566 7610

Netfang/e-mail: dalsgardur@simnet.is

GÖNGULEIÐIN AÐ HELGUFOSSI

- Vinsælasti göngustígurinn í Mosfellsbæ



Helgufoss.

Gönguleiðin að Helgufossi er orðinn einn vinsælasti göngustígurinn í Mosfellsbæ. Þegar kófið reið yfir sl. ár, varð lýðnum ljóst á samfélagsmiðlum hve góður göngutúrinn er frá Gljúfrasteini að Helgufossi. Mæltu göngumenn með þessari leið á mörgum útivistarsíðum samfélagsmiðlanna, þar sem gengið er upp með Köldukvísl í ró og friði frá öllum skarkalla, einungis árniður og krunk í hröfnum. Stundum hafa verið á annað hundrað manns á þessari 3 km. gönguleið og tekur göngumann ca 1- 1 1/2 tíma upp að fossinum. Sumir hafa reynt að hjóla, en margir gefist upp. Þó leiðin sé auðveld, er í henni stórgrýti á sumum stöðum. Gönguleiðin



er illa merkt og á stórum hluta alls ekki merkt. Þá fara menn sínar eigin leiðir að fossinum, en náttúran hefur mikið látið á sjá með þessum aukna fjölda göngufólks. Fossinn hefur ekki látið á sjá og er alltaf jafn fallegur þegar hann steypist niður í gljúfrið. Nú fer að styttest í þann tíma ársins sem sólar gætir á gönguleiðinni og regnboginn ramar fossinn.

FRJÁLS FRAMLÖG

Þeir sem vilja styrkja Víghól og útgáfu Dalalæðunnar geta greitt inn á reikning félagsins 315-26-6411
Kennitala: 641198-2779

**Víghóll, samtök íbúa
í Mosfellsdal**

**VERKFÆRA
SALAN**

WWW.VFS.IS

HVERNIG VORU ÁSARNIR?



Hvernig voru Ásarnir? Var það fyrsta sem Steina í Dalsgarði spurði, þegar maður kom úr bænum. Hún var ekki ein um að tortryggja þennan vegspotta á Ásunum. Hræðilegar sögur gengu manna á milli um framliðna, slys og djöfulskap, en aldrei var minnst á sögu þessa staðar, malar-námið eða hersetuna.

Á lýðveldisárinu 1944 birtist „Blái engillinn“ holdgerður í þýskan líkama Marlene Dietrich, sem var á hátindi Hollí-vúddfrægðar sinnar. Daginn sem stjörnunna bar að garði voru Ásarnir orðnir fyrsta þéttbýlið í Mosfellssveit. Á þeim stóð Helgafell Hospital, sem var einn fullkomnasti herspítali Evrópu með 1000 legurými og 700 manna starfslið. Starfsemin fór fram í 163 bröggum og 10 steinhúsum. Ekkert stendur eftir af spítalanum nema tveir grunnar undir vatnstanka. Allt var rífið í stríðslok og bröggunum dreift hingað og þangað.

En hafurtask hermanna var ekki það eina sem hvarf

af Ásunum, heldur einnig mörg þúsund rúmmetrar af grús, sem landsmenn héldu áfram að moka burt þar til Ásarnir breyttust í „gryfjurnar“. Jóhann í Dalsgarði sagði þegar námuvinnslu lauk að „best hefði verið að moka þeim öllum burt“.

Hálsinn sem allir þurfa að aka yfir er fagur með útsýn í allar áttir en veðravíti mikið og hefur oft á tíðum vakið ugg í brjóstum ferðalanga. Ökumenn hafa stöðvað fyrir hjúkrunakonu, sem veit ekkert hvert hún er að fara, en bæði lagleg og prúð. Einng hefur borið á annarri hjúkrunarkonu sem er hauslaus. Um

sömu kvenvofu er því tæpast að ræða.

Það er einkennilegt að vegarspottinn yfir Ásana var ekki hér um árið með í deiliskipulagi Þingvallavegar.

Samkvæmt því virðist hann eiga að hanga þarna utan í gryfjubrúninni öllum til ama að eilífu, nema kannski Skeljungi, sem hyggst byggja fjórðu bensinstöðina í bæjarfélaginu.



NÝR GÖNGUSTÍGUR

- Undirritaður sem er ??? skrifar..... :)



Fyrir skemmstu heyrði undirritaður nýyrðið „stofnstígur“ sem er ekki til í mín-um orðabókum, en dúkkar upp á netinu. Akureyringar hafa skilgreint orðasambandið:

Stofnstígar eru megin samgönguæðar í þéttbýlinu fyrir gangandi vegfarendur og hjólandi. Þeim er ætlað að safna til sín fólki og tengja saman mannlíf bæjarins. Stofnstígar liggja um helstu þjónustukjarna og skóla og er ætlað að tengja saman hverfi og sveitarfélög. Aðskilja skal stofnstíga frá bílaumferð og einnig gangandi umferð frá hjólandi þar sem kostur er.

Þetta hljómar vel hjá norðanmönnum og hefur eitthvað á svipuðum nótum verið rætt manna á milli í Mosfellsdal undanfarna tvo áratugi. Göngubrautin sem liggur meðfram Þingvallavegi er stofnstígur, en hann liggur mikið lægra en þjóðvegurinn, er hættulega nærri umferðinni, sem er þung og hröð.

Auðvelt er að gera stíg frá Helgadalssvegi að Dalsgarðsafleggjara og þaðan komast upp á hitaveituveg og áfram vestur yfir Ásana. Nýja deiliskipulag Þingvallavegar gerir ráð fyrir að stígurinn færist um tvo metra, en það er einfaldlega ekki nóg.



JARÐARBÓK 1702-1714

- Hradastader



Hradastader. Jarðardýrleiki er Eigandinn kóngl. Majestat. Ábúandinn Guðmundur Knútsson. Landskuld lx álnir. Betalast með friðu eftir þeim taxa, sem kóngseignir hjer í sveit. Leigukúgildi iii; áður hafa tvö verið. En í Heide-manns tíð galt ábúandinn, sem þá var, í tvö samfeld ár þrjár ær í landskuld hvört vor. Leigur betalast í smjöri heim til Bessastaða. Kúgildin uppýngir ábúandi í næstu 28 ár uppbótarlaust, en þó væntir ábúandinn Guðmundur, að núverandi umboðsmaður muni eitt af kúgildunum uppbæta með 20 álnum. Kvaðir eru mannlán. Hestlán. Dagslættir tveir í Viðey. Móhestur einn, skjaldan tveir. Mótorskurður til eldiviðar. Skipaferðir til forna. Timbur í Þingvallaskóg að sækja.

Kvikfjænaður v kýr, ii kvígur, i vetrúngur, viii ær með lömbum, i sauður tvævetur, vi veturgamlir, i hestur, i hross, annað tvævett. Fóðrast kann vi kýr, i úngneyti, xx lömb, i hestur.

Heimilissmenn v.

Torfrista og stúnga lítt nýtandi.

Mótak til eldiviðar slæmt.

Berjalestur meina sumir að heimamönnum mætti til gagns vera.

Túnin eru meinlega bæði þýft og grýtt. Selstaða í heimalandi.[Jónssel eða Helgu-foss ?]

Vetrarpúngt.

Hætt fyrir stórviðrum bæði fyrir hús og hey.

Vatnsból slæmt og erfitt um vetur.

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Örugg og góð
þjónusta

Sími: 586 8080

www.fastmos.is

Minna-Mosfell
Guesthouse



Minna-Mosfell Guesthouse | 271 Mosfellsbær | Iceland
Phone: (+354) 669 03 66 | www.minnamosfell.is



DÝRALÆKNIRINN

Mosfellsbæ

Urðarholti 2

270 Mosfellsbæ

Sími 566 5066 | 660 0633

Opíð: 9-18 alla virka daga

Neyðarvakt dýraspítala höfðuðborgarsvæðisins opin allan sólarhringinn
530 4888

Gislason
VIÐGERÐIR EHF.

Völuteigi 25
587 2060

ELSTU HÚSIN Í MOSFELLSDAL

– Guðjón Jensson skrifar



Sumarhús Eldeyjar Hjalta.

Gömul hús og byggingar eru ekki mörg innan Mosfellsbæjar. Elsti hluti Laxnessbæjarins er frá lokum 19. aldar þá Páll Vídalín hrossakaupmaður var þar með sína starfsemi. Skammt þar frá er gamli bærinn að Hraðastöðum frá því í byrjun 20. aldar.


Elsta húsið á Blikastöðum, gamli bærinn, er frá því um 1910 og stendur að húsbaki norðan við. Og ekki má gleyma sjálfri Lágafellskirkju, eitt fegursta og mesta húsa-djásnið í Mosfellsbæ. Gamli bærinn á Lágafelli var fluttur niður í kvosina ofan við Hlíðartúns-hverfið. Það hús er frá því um aldamótin 1900. Þá er í Mosfellsdal gamalt frístundahús, Hjaltastaðir sem Hjalti Jónsson, Eldeyjar-Hjalti, reisti fyrir um 100 árum síðan. Líklega er þetta eitt af elstu húsum sinnar tegundar og ber augljóst vitni um nýja og betri tíma þegar íslensk borgarastétt kemur sér upp sveitarsetri.



Einar Laxness 1940 við Laxnesbæinn.

Þetta lágreista hús ber aldurinn vel en því hefur verið mjög vel haldið og er í eigu niðja Hjalta að því mér best skilst. Þar er gamall trjálundur sem mun vera nálægt 90 ára gamall að stofni til og Eldeyjar-Hjalti gróðursetti.

Guðjón Jensson,
Mosfellingur, 14. maí 2015



GK
VIÐGERÐIR

566 6257
Flugumýri 16c, Mosfellsbæ

Vatnsborun Árna Kóps

Árni Kópsson
893-5699

Ásta Sif
663-1033



www.vatnsborun.is

PRENTUN FYRIR ÞIG



ARTPRO

PRENTÞJÓNUSTA

- ✓ www.artpro.is
- ✓ artpro@artpro.is
- ✓ Sími: 547 4444
- ✓ Bíldshöfða 14, Reykjavík

Íslenskur kalkúnn

gæði í yfir 60 ár



Hollur hátíðarmatur

Fylltur kalkúnn
fullkomnar veisluna

Uppskriftir og
eldunarleiðbeiningar á
kalkunn.is



Holda
KALKÚNN

